

# Sumarbústaðafélagið Norðurnes

## Skýrsla stjórnar

Sumarbústaðafélagið Norðurnes var stofnað 1976 og er því að ljúka 39. starfsári sínu. Félagið verður 40 ára 3. júní nk.

Í félaginu eru í dag alls 63 lóðir í eigu 56 manns. Á lóðunum eru 46 sumarhús. Auk þessara 63 lóða eru svo 26 óskipulagðar lóðir á svæðinu í eigu Kjósarhrepps.

Síðasti aðalfundur var haldinn 27. Apríl 2015. Á fundinum lét Karl Artúrssón af störfum sem formaður og Jón Bjarnason tók við. Annað stjórnarfolk var óbreytt.

### Stjórnarstarf á árinu

Á rekstrarárinu 2015-2016 hefur stjórnin haldið þrjú stjórnarfundir og tvo félagafundi, annars vegar um vegavinnu og hinsvegar um hitaveitu. Auk funda hefur stjórnin verið í góðu sambandi í gegnum tölvupóst og gert sitt besta til að miðla upplýsingum til félagsmanna í gegnum fréttakerfi og tölvupósta. Á starfsárinu hafa verið sendar út yfir 60 fréttatilkynningar á vefnum og meðlimir stjórnar hafa sent yfir 500 tölvupósta tengda félagsstarfi.

### Rekstur og fjárhagsstaða

Rekstur félagsins var með ágætum og var nokkuð umfangsmikill miðað við fyrri ár.

Árgjöld voru hækkuð í 15.000 og voru sendir út seðlar til 53 aðila sem sumir hverjir voru skráðir með tvær lóðir og greiddu skv. því. Þetta skilaði 940þ.

Þess utan var sett sérstakt vegagjald að upphæð 23.000 þáð skilaði okkur rúmum 1.4 milljónum kr í tekjur. Þar á meðal voru aðilar utan félagsins sem greiddu líka.

Eignir félagsins í lok tímabils eru tæpar 450þ þar af grill og útistandandi kröfur 85.000 restin á bankabók eða 360þ.

Það verður gerð breyting á rekstrarári félagsins þannig að það er ekki lengur almanaksárið heldur 1. maí til 30. apríl. Reikningar síðasta starfsárs munu endurspeglu þetta.

### Helstu verkefni síðasta starfsárs

Jón formaður setti upp öryggismyndavél við gula sumarbústaðinn niður við gatnamót sl haust. Verkefnið gekk vel en kostnaður var heldur meiri en vonast hafði verið eftir eða u.þ.b. 200þ kr. Það er komið skilti við gatnamót til að vara fólk við eftirlitinu.

Á félagafundi sl haust var samþykkt að fara í vegaframkvæmdir og var hver lóð rukkuð um extra 23þ kr vegna þess. Þar að auki tóku sumarhúsaeigendur hinum megin við lækinn, sem eru ekki hluti af félaginu þátt í kostnaðinum.

Einar Arason (nr 62) skipulagði verkið og var Tönnin ehf fengin í vinnuna. Þetta var gríðarstórt verkefni og Einar sýndi mikinn dug og drengskap í undirbúa og vinna verkið.

Meðlimir félagsins tóku höndum saman við að leggja göngustíg milli svæða tvö og þrjú. Verkefnið gekk vel og örugglega.

Soffía og Guðjón (nr 61) sáu um brennuna þetta árið og fórst þeim það mjög vel úr hendi.

Lögð var fram umsókn um héraðsveg til vegagerðarinnar og var henni hafnað. Einnig var þess óskað til Kjósarhrepps að leggja fram umsókn um styrkveg til vegagerðarinnar en því var hafnað.

Sent var út bréf frá Kjósarveitum vegna hitaveitu og vann stjórnin í því með góðu fólki í félaginu að kynna sér framkvæmdina, leggja fram tillögur að endurbótum við Kjósarveitur og kynna þetta fyrir félagsmönnum.

Ný veðurstöð var sett upp við bústað nr 74 og þykir sumum að veður hafi batnað til muna við þetta.

### **Áhersluatriði næsta starfsárs**

Vatnsveitan er komin yfir þolmörk og við þurfum að grípa til aðgerða. Framkvæmdir til að laga hana gætu orðið dýrar.

Lúpína er orðin að nokkuð stóru vandamáli á svæðinu og stjórnin hyggst leggja til að við tökum höndum saman til að halda henni í skefjum.

Það þarf að klára ýmislegt í vegamálum sem stendur eftir frá framkvæmdum síðasta árs og gera frekari endurbætur.

Setja á upp skilti til leiðbeiningar fyrir gesti um svæðið og til að tjá fólki að innan hliða sé einkavegur.

Auk atriðana að ofan þarf að laga girðingu, skipuleggja brennu, halda áfram að vinna í hitaveitumálum, sinna snjómokstri næsta vetur og vinna með hreppnum og landsambandinu í að skilgreina kvaðir gagnvart félaginu.

Stjórnin þakkar fyrir það traust sem henni var sýnd á síðasta aðalfundi og vonar að störf hennar hafi reynst árangursrík fyrir félagið.

Stjórnina skipuðu:

- Jón Bjarnason (nr 74) - Formaður
- Guðrún María Gísladóttir (nr 59) - Ritari
- Sigurður Rúnarsson (nr 13) - Gjaldkeri
- Richard Jónasson (nr 55) - Meðstjórnandi
- Sigurjón Friðjónsson (nr 15) - Meðstjórnandi

Skoðunarmenn reikninga:

- Geir Hauksson (nr 44)
- Karl Arthursson (nr 10)

Hitaveitunefnd:

- Einar Róbert Árnason (nr 6)
- Jón G Snædal (nr 9)

Veganefnd:

- Einar Sveinn Arason (nr 62)
- Sigurjón Friðjónsson (nr 15)

Brennunefnd:

- Soffía Matthíasdóttir (nr 61)
- Guðjón Hauksson (nr 61)

Vatnsveitunefnd:

- Benedikt Svavarsson (nr 1)
- Magnús Guðmundsson (nr 37)
- ( Einar Sveinn Arason (nr 62) )

Girðinganevnd:

- Valur Magnússon (nr 14)
- Védís Gunnarsdóttir (nr 14)